

Fylgiskjal 2. með svarbréf Stjórnar Brunavarna Árnassýslu við erindi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnassýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarfélaganna dagsett 3. júlí 2024.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is

Árnesi, 3. júlí 2024

Erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar Brunavarna Árnassýslu er varðar kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna.

Framundan er vinna við að færa Brunavarnir Árnassýslu inn í nýtt byggðasamlag. Vinna við nýjar samþykktir er í gangi og í nýjum samþykktum þarf að skilgreina kostnaðarskiptingu við rekstur Brunavarna Árnassýslu. Núverandi kostnaðarskipting hefur verið á þann hátt að 70% af rekstrarkostnaði er reiknaður út frá brunabótamati fasteigna og 30% er reiknaður út frá íbúafjölda. Slík skipting leiðir til þess að kostnaður við brunavarnir verður mjög misjafn á hvern íbúa milli sveitarfélaga.

Á vorkundi Héraðsnefndarinnar fór slökkviliðsstjóri yfir starfsemi síðasta árs. Á þeim fundi spurði oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hversu mikill hluti starfsemi Brunavarna Árnassýslu færi í brunavarnir og hversu mikill hluti færi í önnur verkefni eins og slys o.fl. Svárið við þeirri spurningu var að brunavarnir væru um 40% af starfseminni á meðan önnur verkefni væru 60%. Að mati sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er það sanngirnismál að rekstur Brunavarna Árnassýslu verði rekinn á jafnræðisgrundvelli með tilliti til þeirra verkefna sem starfsemin sinnir. Í kostnaðarskiptingunni er ekki tekið tillit til slysatíðni í umferð, flugvalla, hafna eða almannavarna. Mikilvægt er að kostnaðarskipting í Rekstri Brunavarna Árnassýslu verði í samræmi við verkefni sem sinnt er.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps óskar eftir því við stjórn Brunavarna Árnassýslu að slökkviliðsstjóra verði falið að taka saman tölfræði um verkefni síðustu 5 ára og þannig verði kortlagt hvernig verkefni Brunavarna Árnassýslu skiptist á brunavarnir, slys í umferð, önnur slys, almannavarnir og verkefni tengt flugumferð og sjóumferð.

Þegar slík gögn liggja fyrir verði gerð tillaga að nýrri kostnaðarskiptingu í samræmi við öll verkefni sem Brunavarnir Árnassýslu sinnir, en ekki horfa einungis til brunabótamats fasteigna og íbúafjölda.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson
Oddviti

Afrit af bréfi þessu er sent á sveitarstjóra/bæjarstjóra allra sveitarfélaga sem eru aðilar að Brunavörnum Árnassýslu.